

Salerniskortin geta forðað slysum í neyðartilfellum

Fólk sem þjáist af sáraristilbólgu lendir oft en ekki í „slysum“ þegar þeim er ekki hleypt á klósett í verslunum þegar kallið kemur. CCU samtökin hafa brugðist við með sérstökum salerniskortum í góðri von um að fólki verði sýndur meiri skilningur.

Þórarinn Þórarinsson
Mánudagur 15. október 2018
11.49 GMT

Fólk sem þjáist af sáraristilbólgu þarf að komast tafarlaust á salerni þegar kallið kemur. „Slys“ þegar þeim er ekki hleypt á klósett í verslunum eru ekki óalgeng. Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin og Stómasamtökin hafa brugðist við með því að gefa út sérstök salerniskort í góðri von um að þeim sem þjáist af sjúkdómnum verði sýndur meiri skilningur.

Sjá einnig: [Niðurlægður í Krónunni: Meinað að nota salerni](#)

Kortin voru gefin út í september þannig að almennileg reynsla er ekki komin á þau en Edda Svavarsdóttir, formaður CCU samtakanna, segir þó í samtali við Fréttablaðið að helstu verslunarfyrtæki landsins vera jákvæð í garð kortanna.

Einkenni sáraristilbólgu og Crohn's sjúkdómsins eru um margt lík. Sjúkdómarnir eru langvinnir og herja yfirleitt á neðri hluta þarmanna og ristilsins. Einkennin eru tíðar og óvæntar salernisferðir.

„Svona salerniskort eru búin að vera í gangi í fjölda mörg ár erlendis og við erum svo sem búin að vera að bræða þetta með okkur lengi,“ segir Edda. „Við erum svo loksins búin að láta verða af þessu.“

Edda segist vongóð um að kortin og kynning samtakanna á þeim verði til þess að meðvitund og skilningur fólks, og þá ekki síst verslunarfólks, aukist í kjölfarið.

Hún segir salerniskortið vera viðbragð við brýnni þörf. „Vegna þess að fólk lendir náttúrliga bara í því að fá nei þegar það biður um að fá að fara á klósettið þegar það hefur ekki tíma til þess að finna almenningsalerni,“ segir Edda og bendir á að í verslunarmiðstöðvum, til dæmis Kringlunni og Smáralind, eru salernin yfirleitt úti í enda eða í miðjunni og stundum er einfaldlega of langt að fara þegar hver sekúnda skiptir máli.

Eins og til dæmis bara í verslunarmiðstöðvum eins og Kringlunni og Smáralind. Þar sem klósettin eru yfirleitt úti í enda eða miðjunni. „Það er bara þannig að þú getur ekki

hlaupið vegna þess að þá bara gerast slysin. Því miður hefur fólk ekki alveg haft skilning á þessu og við höfum stundum einfaldlega ekki tíma til að útskýra þetta almennilega.“

TAKK

Korthafi er með langvinnan bólgusjúkdóm í meltingarvegi og þarf nauðsynlega að komast strax á salerni

Undirskrift korthafa

CCU
Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

Thank you for your understanding

Due to an illness which is not infectious, our members require to use the restroom **URGENTLY**

EFCCA - United We Stand
European Federation of Crohn's & Ulcerative Colitis Association

Bakhlíð salerniskortsins er á ensku þannig að hægt sé að koma sem flestum í skilning um að um neyðartilvik er að ræða.

„Þannig að við vonumst til þess að með því að með framvísun þessa korts sem segir á einfaldan hátt að viðkomandi er með bólgusjúkdóm og þurfi að komast á klósett verði okkar fólki sýndur meiri skilningur,“ segir Edda.

Sjá einnig: [Öðlaðist nýtt líf með stóma](#)

Samtökin hafa samhliða útgáfu salerniskortanna sent helstu verslunarkeðjum landsins tölvupóst með frekar upplýsingum um kortin og sjúkdómama sem handhafar þeirra þjást af. „Við höfum bara fengið jákvæða viðbrögð frá þeim sem við erum búin að hafa samband við.“

Upp á náð og miskunn verslunarfólks

Aðspurð segir Edda þó enga raunverulega reynslu komna á hvernig kortunum verður tekið, enda stutt síðan útgáfa þeirra hófst. „Nei, því miður. Það er einn sem við vitum um. Hann prufaði að framvísa því strax eftir að hann fékk það og sagðist ekki hafa fengið jákvæð viðbrögð og fékk ekki að fara á klósettið.“

Þá vorum við heldur í raun og veru ekki alveg farin af stað með að kynna kortin en við erum líka með Facebook-átak í gangi til þess að fólk sjái kortin og þekki þau þá í sjón. En það tekur langan tíma að byggja upp þekkingu almennings á þessu.“

Edda segir að þegar fólk með sáraristilsbólgu er sem veikast geti það þurft á klósettið tuttugu sinnum á dag og þá hætti fæstir sér út úr húsi. En þegar ástandið er betra gerir skyndileg þörfin ekki boð á undan sér.

„Ef maður er bara að kaupa í matinn og lendir svo í því að verða mál þá er það eiginlega háð náð og miskunn hvort maður fær að fara á klósettið eða ekki. Við vitum líka heldur ekkert hvort fólk fær almennt góð viðbrögð þar sem flestir veigra sér við að tala um þetta. Og svo náttúrulega ef slys gerist þá eru ekkert allir sem tala um það.“

Alger niðurlæging

[Fréttablaðið ræddi í sumar við mann](#) sem lenti í því að kúka á sig eftir að starfsfólk Krónunnar neitaði honum um að fara á klósettið. Hann kallaði þá eftir salernisskírteini sem myndi veita sjúklingum forgang á salerni hvar sem þeir eru staddir.

„Þetta var eins niðurlægjandi og það getur orðið. Þegar svona gerist verður maður alveg þínulítill,“ sagði maðurinn við Fréttablaðið en í ljósi atvika málsins kaus hann að koma ekki fram undir nafni.

„Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem ég hef lent í sambærilegum aðstæðum. Niðurlægingin og reiðin er slík að maður krypplast eiginlega. En hlutirnir lagast ekki nema þeir séu ræddir svo það verður einhver að taka það á sig,“ sagði maðurinn við Fréttablaðið í sumar.